

Ferð í Nautöldu 22.–24. ágúst 1975

Að þessu sinni var ákveðið að fara mælingaferð í Nautöldu nokkru fyrir en venjulega, eða um mánuði fyrir en árið áður. Lagt var af stað úr Reykjavík kl. 2 síðdegis föstudag 22. ágúst. Veður var eins og títt var um veður síðastliðið sumar, rigning. En fyrir mestu var, að þessi 19 manna hópur var hinn hressasti. Ekið var sem leið liggur inn með Þjórsá vestanverðri og áætlað að gista í skálanum við Nautöldu. Undir miðnætti kom hópurinn að Blautukvísl og var þegar ljóst, að draumur manna um gistingu í skála var að engu orðinn. Var því sett ráðstefna og ákveðið að tjalda á melunum við ána.

Þegar menn höfðu fengið sér hressingu á laugardagsmorgun var lagt í Blautukvísl. Þrennar vöðlur voru með í ferðinni og neyddust eigendur þeirra til að fara nokkrar aukaferðir. Sumir íklæddust plastpokum sem ætlaðir eru utan um laxa og ösluðu yfir. Botninn úr pokanum fór að gefa sig út í miðri á og upphófst þá mikið kapphlaup um að komast á þurrt, áður en vatnsborðið í pokanum hækkaði upp fyrir stígvél. Sumir komust þurrir yfir en aðrir blotnuðu í aðra eða jafnvel báðar, en yfir komst allur hópurinn og gekk saman til skálans. Þar skildust leiðir. Nokkrir hugðust fara og skoða lónið upp með Ólafsfelli en urðu frá að hverfa sakir þoku, og gengu þess í stað um nágrenni Nautöldu. Suddarigning var og veður því ekki fýsilegt til skemmtigöngu. Mælingaflokkur æddi af stað í áttina að Hjartafelli, enda veitti ekki af tímanum. Mikið vatn var í ánum og urðu „vöðlungar“ oft að bera hina yfir. „Ekki ber ég það sem þú berð,“ heyrðist einn tauta, mjög kokhraustur, um leið og hann rétti manni bakpoka sinn og tók manninn á bakið.

Mælt var við Nauthagajökul, sem reyndist hafa skriðið fram um 2 m frá síðasta ári. Lögðu menn sig mjög fram við mælingar, og var vel strekkt á málbandinu — fullmikið að álitum þeirra, sem héldu í bandið. Ekki hafði neinn úr hópnum komið þarna árið áður og gátu því ekki sagt til um útlitsbreytingu á jökulröndinni. Múlajökull reyndist hafa hopað um 15 m í kverkinni. Um það leyti, sem menn komu að mælistaðnum framan í Múlajökli, stytta upp og eitt andartak svipti Arnarfell af sér þokunni.



Mynd 1. Fótabað við laugina undir Hjartafelli.

Jökullinn hafði hopað um 15 metra og jökulröndin var allmiklu sléttari en árið áður. Á leið til baka voru menn teknir að ljást og var því kærkomið að fá sér fótabað í lauginni undir Hjartafelli. Að vísu er laugin sjálf of heit, en í læknum, sem rennur frá henni, er vatnið mátulega heitt fyrir lúna fætur. Ekki er vatnsrennsli mikið, svo að þetta var fremur aurbæð en vatnsbæð. Er haft fyrir satt, að slík böð séu hin heilsusamlegustu.

Eftir skamma viðdvöl í skálanum var haldið áfram og komið að Blautukvísl rétt um miðnætti. Svartamyrkur var skollíð á, en billjósín höfðu verið kveikt við tjaldstað, og því auðvelt að taka mið á þau. Þar sem menn voru nú orðnir blautir og slæptir var lítt skeytt um plastpoka en vaðið yfir beint af augum. Allmiklu meira var í ánni en um morguninn og hefðu plastpokar dugað skammt, þar sem sumir óðu því sem næst í mitti.

Eftir góða næturhvíld var sigið heim á leið. Loks sáu veðurguðirnir aumur á hópnum og hélt þurrt á meðan gengið var niður að Gljúfurleitarfossi. En greinilegt var að fólk hafði ekki fengið nóg af volkinu, því komið var við í lauginni í Þjórsárdal.

Heim kom hópurinn á sunnudagskvöld og skildi glaður í bragði á planinu hjá Guðmundi Jónassyni.

Ragna Karlsdóttir.